

"My dear friends, this is indeed the case. We should approach esoteric truths in such a way that it would never occur to us to think: 'Oh, I know that already.' For the essence of the esoteric lies not in knowing, but in direct, immediate experience, in life itself. Inwardly, at deeper levels of our soul-life than where memory is rooted, the esoteric truths shall take hold of us and be nurtured."

Rudolf Steiner: Esoteric Lessons for the First class of the School of Spiritual Science at the Goetheanum. GA 270. Lesson 4.

Kæru félagar Andlega Háskólans.

Síðastliðinn sunnudag þann 12. október 2025 var haldinn fundur um málefni Andlega Háskólans á Íslandi og stefnuna sem verður tekin með Fyrsta bekkinn núna á komandi ári. Fundurinn var dásamlegur og ríkar umræður áttu sér stað.

Fundurinn var settur með Friðardansinum.

Efni fundarins:

Fjöldi félaga er 22 og þrír að auki sem hafa áhuga að gerast meðlimir. Fjöldi félaga í Antroposofíska félaginu er 46. Mikil aukning á þessu ári.

Árlega koma út tvö fréttabréf, á ensku, fyrir félag Fyrsta Bekkjarins. Þeir sem vilja fá þetta fréttabréf á hlekk með tölvupósti geta sóst eftir því og sent Nicolas bréf með netfangi sínu og ósk um að vera á póstlistanum: nicolas.criblez@goetheanum.ch Hann nefndi að stundum enda þessir póstar í spam hólfi hjá fólki.

Ráðstefna um Andlega Háskólann fer fram í Goetheanum í nóvember ár hvert og er opin öllum. Að taka þátt í svona ráðstefnu er frábær leið til að tengjast alþjóðasamfélaginu. <https://goetheanum.ch/en/events/hs25>

Sigrún H Gunnarsdóttir hefur tekið að sér að vera Kennsluhaldari (Class Holder) á Íslandi með stuðningi Hildar Guðmundsdóttur. Hún fór á fundi og í viðtöl í Dornach í september og hefur verið samþykkt formlega af stjórn Goetheanum og mun fara á námskeið þar til að taka þetta skref til fulls.

Fyrsta Kennslustund Andlega Háskólans verður haldin 14. desember kl 14 í húsi lífspekifélagsins, Ingólfsstræti 22. Mæting stundvíslega, hurðinni verður lokað kl 14. Munið eftir bláa kortinu, en hafið samband ef eitthvað kemur upp varðandi kortið. Eftir stundina verður farið upp á efri hæð hússins og efnið dýpkað með leiddum umræðum, nýju formi sem er kallað **“Public secret: Organ of perception for political idea formation.** (Public secret conversation to create a temporary organ of perception for the inside of the soul of a community”).

Rætt var um mikilvægi þess að fleiri séu berandi. Samsköpun. Sigrún verður t.d. erlendis í febrúar til apríl 2026 og þá væri gott að einhver annar gæti haldið kennskustund líka. Ef einhver annar félagi hefur áhuga á því að gerast Kennsluhaldari (Class Holder) þá er það kærkomið, það er gott að hafa fleiri, býður upp á vidd og meiri möguleika. Svo ef einhver hefur

áhuga þá setjið ykkur í samband og við förum saman yfir ferlið.

Hin fjölmörgu mismunandi form Andlega Háskólans í heiminum voru rædd. Það eru allskonar hópar um allan heim sem gera hlutina á mismunandi hátt. Sumir styðjast ekki lengur við bláa kortið en vinnan er samt sem áður full virðingar og dýptar. Rætt var um þessi mismunandi form. Þau eru skapandi, vinnan fer fram í gegnum hreyfingu, tónlist, hugleiðslu, göngu, samræður. Allt er raunverulega mögulegt. Við í félaginu óskum eftir samskiptum.

Eitt nýtt skref hér á landi verður að opna á leiddar umræður eftir kennslustund fyrir þá sem vilja.

Fundinum var lokað með hrynlist sem var leitt af Erlu Reynisdóttur.

Kveðja
Stjórnin